



FJÖLMIÐLANEFND

Samkeppniseftirlitið
B.t. Magnúsar Þórs Kristjánssonar
Borgartúni 26 / Pósthólf 5120
125 Reykjavík

Reykjavík 17. mars 2020
Mál nr. 2019-2046 / 5.2

Efni: Samruni Torgs ehf. og Frjálsrar fjölmiðlunar ehf. - Sjónarmið fjölmiðlanefndar vegna beiðni Samkeppniseftirlitsins um frekari sjónarmið.

1.

Með tölvupósti dags. 19. desember sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umsögn fjölmiðlanefndar vegna kaupa Torgs ehf. á Frjálsri fjölmiðlun ehf., útgáfufélagi DV og fleiri fjölmiðla og barst umbeðin umsögn Samkeppniseftirlitinu með tölvupósti dags. 14. janúar 2020. Með tölvupósti dags. 11. mars sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari sjónarmiðum fjölmiðlanefndar vegna fyrirhugaðs samruna.

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins sagði m.a:

Af umsögn fjölmiðlanefndar virðist mega draga þá ályktun að nefndin telji samrunann skaðlegan fjölræði og fjölbreytni en þar sem fjárhagsstaða Frjálsrar fjölmiðlunar er bág sé það niðurstaða nefndarinnar að samruninn teljist ekki skaðlegur. Líkt og fjölmiðlanefnd bendir á í umsögn sinni vísa samrunaaðilar til þess í samrunaskrá að rekstur Frjálsrar fjölmiðlunar sé ekki sjálfbær til lengri tíma og að „því leyti verður vart horft til félagsins með öðrum hætti en að um sé að ræða fyrirtæki á fallanda fæti (e. failing firm).“ Vörnin um fyrirtæki á fallanda fæti í samkeppnisrétti er undantekningarheimild sem ber að túlka þröngt og hvílir það á samrunaaðilum að færa rök fyrir því að skilyrði reglunnar séu uppfyllt. Í samrunaskrá er ekki með neinum hætti færð rök fyrir því að unnt sé að beita þeirra undantekningarheimild við mat á viðkomandi samruna.



FJÖLMIÐLANEFND

Samkeppniseftirlitið hefur átt fundi með hagsmunaaðilum vegna fyrirhugaðs samruna, einkum með birtingarhúsum. Allir aðilar sem Samkeppniseftirlitið fundaði með töldu líklegast að fréttamiðillinn DV yrði tekinn upp á ný í einhverri mynd, yrði fjölmiðillinn gjaldþrota. Er það frummat Samkeppniseftirlitsins, miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar, að fjölmiðillinn myndi ekki fara út af markaðnum ef ekki yrði af samruna, a.m.k. ekki til lengri tíma.

Í ljósi framangreinds óskaði Samkeppniseftirlitið nánar tiltekið eftir:

1. Sjónumiðum fjölmiðlanefndar um hvort nefndin teldi líklegt að DV myndi halda áfram rekstri, yrði samruninn ekki samþykktur, og þá í hvaða mynd.
2. Mati fjölmiðlanefndar á því hvort tilefni væri til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli áhrifa hans á fjölræði og fjölbreytni, að því gefnu að fjárhagsstaða Frjálsrar fjölmiðlunar hefði ekki áhrif á matið.

2.

Sjónumið fjölmiðlanefndar um það hvort nefndin telji líklegt að DV haldi áfram rekstri, verði samruninn ekki samþykktur, og þá í hvaða mynd.

Rétt er að áréttta að fjölmiðlanefnd leggur ekki mat á það hvort Frjáls fjölmiðlun geti talist fyrirtæki á fallandi fæti, í skilningi samkeppniseréttar, enda er slíkt mat í höndum Samkeppniseftirlitsins. Í umsögn fjölmiðlanefndar var eingöngu vísað til þess hugtaks í umfjöllun um sjónumið samrunaaðila og er það samrunaaðila að færa rök fyrir því að unnt sé að beita þeirri undantekningarheimild við mat á fyrrgreindum samruna, eins og fram kemur í tölvupósti Samkeppniseftirlitsins.

Fram kom í umsögn nefndarinnar að kaup Torgs á Frjálsri fjölmiðlun myndu hafa í för með sér að fjölmiðlar Torgs yrðu í meirihlutaeigu eins manns, auk þriggja annarra, sem færu með smærri hluti. Að því leytinu til fælu fyrirhugaðar breytingar í sér samþjöppun á fjölmiðlamarkaði sem *áhrif* hefði á fjölræði á markaði, eins og það var orðað í umsögn nefndarinnar. Ekki kom fram í umsögn nefndarinnar að hún teldi líklegt að fyrirhugaður samruni hefði *skaðleg áhrif* á fjölræði á markaði.

Fram kom í umsögn fjölmiðlanefndar að náíð samstarf eða sameining ritstjórna og fækkun dagblaða eða vefmiðla, ef af yrði, myndi hafa skaðleg áhrif á fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Um leið var tekið fram að ekkert í samrunaskrá gæfi til kynna að slíkt stæði til af hálfu Torgs. Fjölmiðlanefnd telur æskilegt að samrunaaðilar veiti frekari upplýsingar um það hvort til standi að sameina ritstjórnir eða fækka miðlum á þeirra vegum eftir samrunann.



FJÖLMIÐLANEFND

Vert að minnast á að fjölmiðlafyrirtæki eru, eins og önnur fyrirtæki, rekin á viðskiptalegum forsendum og verða m.a. að taka mið af þeirri tækniþróun sem á sér stað um heim allan. Útgáfa dagblaða og lestur prentmiðla á heimsvísu fer dalandi um leið og vefmiðlar sækja í sig veðrið og almenningur sækir sér í auknum mæli fréttir á netinu. Um er að ræða alþjóðlega þróun og gætir áhrifa hennar hér á landi jafnt sem annars staðar, þótt íslenskir prentmiðlar hafi hingað til haft sterkari stöðu á auglýsingamarkaði en prentmiðlar í nágrannaríkjum. Ekki er útilokað að þróunin hér á landi verði t.d. sú að hérlendir fjölmiðlar, sem nú eru gefnir út á prenti, verði eingöngu í boði á rafrænu formi í framtíðinni, óháð samrunaáformum samrunaaðila. Fjölmiðlanefnd getur þó ekki tekið afstöðu til hugsanlegra hagræðingaráforma eða annarra hugsanlegra breytinga á rekstri eða útgáfuformi einstakra fjölmiðla í eigu samrunaaðila.

3.

Mat fjölmiðlanefndar á því hvort tilefni væri til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli áhrifa hans á fjölræði og fjölbreytni, að því gefnu að fjárhagsstaða Frjálsrar fjölmiðlunar hefði ekki áhrif á matið.

Fjölmiðlanefnd telur ekki tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans, þótt fjárhagsstaða Frjálsrar fjölmiðlunar hefði ekki áhrif á matið. Að mati nefndarinnar getur fyrirhugaður samruni verið til þess fallinn að auka og styrkja samkeppni stærstu fjölmiðlafyrirtækjanna á hérlendum fjölmiðlamarkaði og gera þau færari um að mæta alþjóðlegri samkeppni frá erlendum fréttá- og afþreyingarmiðlum. Mikilvægt er að á íslenskum fjölmiðlamarkaði séu öflug fjölmiðlafyrirtæki sem miðla fjölbreyttu efni, þar sem ólíkum sjónarmiðum er haldið á lofti. Að sama skapi er mikilvægt að íslensk fyrirtæki geti keppt við erlendar fjölmiðlaveitur til að tryggja framboð efnis á íslensku og efnis sem endurspeglar íslenskt samfélag og menningu á breiðum grunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Samkeppniseftirlitinu hefur stofnunin nýverið kallað eftir upplýsingum um rekstur allra dagblaða hér á landi, í þeim tilgangi að öðlast heildarsýn yfir stöðuna á markaðnum. Umsögn þessi er sett fram með þeim fyrirvara að umræddar upplýsingar gætu kallað á frekari sjónarmið fjölmiðlanefndar.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Heiðdís Lilja Magnúsdóttir
lögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri